



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. júní 2010

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002, með síðari breytingum, 138. löggjafarþing 2009-2010, þskj. 947 – 557. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002, með síðari breytingum. Líkt og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið er markmið laganna að „skýra ákvæði frekar eða skerpa á þeim og að lögfesta þá túlkun ákvæða sem átt hefur sér stað frá gildistöku laganna.“ Ýmis nýmæli er þó að finna í frumvarpinu og ber helst að nefna þau sem fela í sér breytta verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga varðandi úrræði fyrir börn sem er þörf á að vista utan heimilis. Einnig er að finna ýmis nýmæli er varða þungaðar konur.

Mannréttindaskrifstofan fagnar þeim tillögum sem fram koma í frumvarpinu og telur ákvæði þess stuðla enn frekar að vernd barna hér á landi en áður. Skrifstofan vill sérstaklega lýsa ánægju sinni með þær breytingar sem lagðar eru til í 6. gr. frumvarpsins um tilkynningarskyldu vegna þungaðra kvenna, sbr. 2. mgr. 16. gr. laganna. Breytingarnar fela í sér að hverjum manni er skylt að tilkynna til barnaverndarnefndar ef ástæða er til að ætla að heilsu eða lífi ófædds barns sé stefnt í hættu vegna líferniss þungaðrar konu. Einnig nær tilkynningarskyldan til tilvika þar sem þunguð kona er beitt ofbeldi. Telur Mannréttindaskrifstofan þessar breytingar jákvætt skref í átt að réttarbótum og til þess fallið að vernda ófædd börn sem og þungaðar konur.

Mannréttindaskrifstofan telur einnig jákvætt að í 21. gr. frumvarpsins felist sú breyting að 12 ára aldursmark 2. mgr. 46. gr. laganna skuli falla brott. Eins og réttilega kemur fram í athugasemdum við lagafrumvarpið hefur samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins ekki að geyma sambærileg aldursmörk varðandi rétt barns til að tjá sig um meðferð máls. Mun heppilegra þykir að hvert og eitt mál verði skoðað sjálfstætt og metið hvort barn sé hæft til að tjá sig um mál út frá þroska þess og getu. Um grundvallarmannréttindi er að ræða og því er mikilvægt að ekki sé slakað á þeirri kröfu að barni, sem náð hefur nægilegum þroska, sé gefið kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en ákvörðun er tekin í viðkomandi máli.

Meginregla laga á sviði barnaréttar er sú að ætíð skuli beita því úrræði sem telst barninu fyrir bestu. Hagsmunir barns skulu ráða niðurstöðu og er það einmitt tilgangur laga er snerta málefni barna, m.a. barnaverndarlaga. Uppi hafa verið gagnrýnisraddir í þá átt að undanfarin ár hafi borið á því að áherslan hafi færst frá þessari mikilvægu meginreglu yfir í áherslu á að tryggja réttindi foreldra fram yfir rétt barnsins. Telst sú þróun bagaleg þar sem hún beinlínis stríðir gegn tilgangi laganna og þeirri meginreglu sem til umræðu er. Mannréttindaskrifstofan vill koma þeim tilmælum á framfæri að í öllum málum á sviði barnaréttar sé gætt að mannréttindum barnsins og meginreglan um að ætíð



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

skuli beita því úrræði sem telst barninu fyrir bestu skuli höfð í fyrirrúmi. Felur það í sér að hlustað verði á börnin, tekið tillit til óska þeirra og kröfur og/eða þarfir foreldra víki fyrir hagsmunum barnsins.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Kolbrún Birna Árdal, lögfræðingur